Skeiða- og Gnúpverjahreppur - www.skeidgnup.is
Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is www.skeidgnup.is

**Fundargerð Skólanefndar nr. 04**
**Árnesi, 8. desember 2022**
**Kl. 16:00**

## Mætt til fundar:

Vilborg Ástráðsdóttir, Bjarni H. Ásbjörnsson, Ingvar Hjálmarsson, Sigríður Björk Gylfadóttir, Kjartan Ágústsson í forföllum Önnu Maríu Flygenring.

Bolette Hoeg Kogh skólastjóri Þjórsárskóla

Anna Gréta Ólafsdóttir skólastjóri Leikholts boðaði forföll.

Áheyrnarfulltrúar:

Matthildur María Guðmundsdóttur fh. Foreldrafélagsins Leiksteins

Helga Guðlaugsdóttir fh kennara í Leikholti

Halla Rún Erlingsdóttir fh. starfsfólks Leikholts boðaði forföll

Ingibjörg M. Guðmundsdóttir fh. kennara í Þjórsárskóla

Karen Kristjana Ernstsdóttir fh foreldra í Þjórsárskóla

Sigríður Garðarsdóttir fh. starfsfólks Þjórsárskóla

Fundargerð ritaði Haraldur Þór Jónsson sveitarstjóri

1. **Fyrirkomulag funda nefndarinnar.**

Vísað er í fundargerð frá 22.sept síðastliðin þar sem skólanefnd leggur upp með að alla jafna verði fundað um grunnskóla- og leikskólamál samhliða, nema málefni gefi tilefni til annars. Fyrirkomulagið verður óbreytt.

2. **Starfsáætlun Þjórsárskóla fyrir skólaárið 2022-23.**

Starfsáætlun Þjórsárskóla fyrir skólaárið 2022-2023 lögð fyrir og samþykkt.

3. **Persónuvernd og birting ljósmynda úr skólastarfi á samfélagsmiðlum.**

Þann 31.10´22 bárust tvenn skjöl frá Persónuverndarfulltrúa sveitarfélagsins þar sem farið var yfir myndbirtingar í skólastarfi og birtingu þeirra á samfélagsmiðlum.

Af gefnu tilefni er því lögð áhersla á að engar persónugreinanlegar myndir eða myndskeið séu birtar á samfélagsmiðlum. Skólastjórnendur bera ábyrgð þegar kemur að vinnslu persónuupplýsinga. Formanni skólanefndar falið að gefa út leiðbeinandi reglur um birtingu ljósmynda að höfðu samráði við skólastjórnendur og foreldrafélög.

IH SBG K.Á BHÁ
HG VÁ MMG

### 4. Öryggismál í Þjórsárskóla og Leikholti.

Sendar voru fyrirspurnir á skólastjóra beggja skólanna til að fá upplýsingar um stöðu öryggismála í skólunum. Tilgangurinn með því var að fá góða yfirsýn fyrir skólanefnd á stöðu þeirra í skólunum. Almennt séð eru þau í góðum málum. Sveitarstjóra falið að taka saman yfirlit yfir allar viðbragðsáætlanir og yfirfara hvort þær séu í lagi.

### 5. Lagfæring á fundargerð frá 22.september síðastliðnum.

Lagfærð fundargerð frá 22.09´22 lögð fram.

Formaður skólanefndar minnir á næsta fund sem verður 12.janúar 2023 í Árnesi kl. 17:00.

Ingvar Hjálmarsson
Bolette Høeg Koch
Karen H. Arnsteinsdóttir
Helga Guðlaugsdóttir
Sigríður Bjarnadóttir
Sigríður Björk Gylfadóttir
Vilborg Ástráðsdóttir
Kjartan H. Ágústsson
Matthildur María Guðmundsd.
Bjarni H. Ásbjörnsson